


Úr frændgarði Baldurs Þórs Davíðssonar



Baldur Þór Afmælisbarnið klifrar.

hann hefur stundað síðan: „Ég var fyrst mikið í vélsleðaakstri og jeppaferðum um fjöll og firnindi. Um 1983 fékk ég áhuga á seglbrettasiglingum og stundaði þær mikið, dró síðan töluvert úr þeim en hætti þeim aldrei alveg og stunda þær reyndar enn. Næst féll ég fyrir fjallahjólreiðum, um 1995, og hef stundað þær af kappi. Ég hef hjólað víða um landið, farið nokkrum sinnum Laugavegin og ýmsar aðrar leiðir frá Landmannalaugum, hjólað Fimmvörðuhálsinn nokkrum sinnum og auk þess hjólað ýmsar þekktar gönguleiðir á Norðurlandi og á ýmsis fjöll. Ég tók ásamt félögum mínum þátt í hjólreiðakeppninni Wow cyclothon sl. sumar þar sem hjólað var kringum landið á tveimur sólarhringum. Keppendur í hverju liði hjóluðu til skiptis og hvíldu sig á milli í bílnum.

Fjallahjól, skíði og ísaxir

Ég hef hjólað með fjallahjólaklúbbum Spaðarnir en við erum síðan í vinasambandi við aðra sambærilega klúbba. Slíkir klúbbar eru víða um land enda mikill áhugi á fjallahjólreiðum hér á landi.“

En þú hefur áhuga á fleiru? „Já. Ég fer mikið á skíði og snjóbretti, enda sameiginlegt sport okkar hjónanna. Við förum töluvert upp í Bláfjöll og í Hlíðarfjall en auk þess til Noregs og í Alpana. Síðast förum við til Colorado í Bandaríkjunum. Fyrir tveimur árum fór ég svo á fjallamennskunámskeið hjá Íslenskum fjallaleiðsögumönnum. Þá kviknaði áhugi minn á ísklifri. Ég hef síðan verið mjög virkur í því, ekki síst með Ísalp klúbbum og með Klifurhúsinu. Í þessu sporti hef ég kynnst ýmsum fjallaleiðum sem ekki eru endilega vinsælar gönguleiðir. En ég hef einnig gengið á Hvannadalshnúk. Þessar fjallaferðir snúast þó fyrst og fremst um áhugann á ísklifri og klettaklifri.“ Þú hefur nú tæplega tíma fyrir fleiri áhugamál, er það? „Jú, jú. Ég hef haft áhuga á stangveiði og skotveiði frá því ég fór fyrst í veiðiferðir með þabba og svo er ég að koma mér upp græjum í bílskúrinn til að geta fönðrað við útskurð. Þessi áhugamál eru flest árstíðarbundin. Ísklifrið er t.d. yfir háveturinn en nú fer að stytta í hjólreiðaferðir. Maður fer því svolítið úr einu í annað. Aðalatriðið er að skemmta sér og njóta náttúrunnar.“

Fjölskylda

Eiginkona Baldurs er Kolbrún Gísladóttir, f. 29.3. 1966, hjúkrunarfræðingur og deildarstjóri við LSH. Hún er dóttir Gísla Sveinssonar, rafvirkja í Sandgerði, sem er látinn, og Ingibjargar Eddu Björgvinsdóttur húsfreyju. Börn Baldurs og Kolbrúnar eru Birta, f. 20.11. 1992, Námi Steinn, f. 11.6. 1996 og Diljá, f. 22.11. 1998. Systkini Baldurs: Svanhildur Davíðsdóttir, f. 10.10. 1952, fararstjóri, búsett í Reykjavík; Guðbergur Davíð Davíðsson, f. 3.6. 1956, kvikmyndagerðarmaður, búsettur í Kópavogi; Árni Davíðsson, f. 6.3. 1961, d. 28.10. 1977 og Esther Björk Davíðsdóttir, f. 3.1. 1968, deildarstjóri hjá Nýherja. Foreldrar Baldurs: Davíð Guðbergsson, f. 21.3. 1928, d. 22.1. 2010, bifvélavirki og framkvæmdastjóri í Reykjavík, og Þórunn Herborg Hermannsdóttir, f. 29.9. 1932, húsfreyja og ljósmyndari í Reykjavík.

Til hamingju með daginn



Pórey Rósa Einarsdóttir

**30 ára** Pórey ólst upp í Reykjavík, lauk prófum í hjúkrunarfræði frá HÍ og er hjúkrunarfræðingur á geðsviði LSH og nemi í hagfræði við HÍ.

**Foreldrar:** Margrét Valdimarsdóttir, f. 1949, hjúkrunarfræðingur og ljósmóðir við Heilsugæslustöðina í Mjódd, og Einar Björgvinnsson, f. 1949, d. 2010, rithöfundur og öryggisvörður.



Anita Hansen

**30 ára** Anita er flugfreyja hjá Icelandair og stundar nám í sálfræði við HÍ.

**Systkini:** Simon Þór Hansen, f. 1991, verkfr. nemi í HÍ, og Hilda Richardsdóttir, f. 1976, mannfr. nemi í HÍ (hálfystir).

**Foreldrar:** Richard Hansen, f. 1954, verkfræðingur hjá Icelandair, og Sigríður R. Magnúsdóttir, f. 1961, deildarstjóri hjá Heilsugæslustöðvum höfudborgarsvæðisins.



Rögnvaldur Þ. Höskuldsson

**40 ára** Rögnvaldur lauk prófi í véltækni frá Odense Teknikum og er tækniþráttur hjá Héðni.

**Maki:** Ásrún Steindórsdóttir, f. 1975, leikskólakennari.

**Börn:** Hafdís Fía, f. 2002, Birgitta Rán, f. 2005, og Bogi, f. 2010.

**Foreldrar:** Höskuldur Egilsson, f. 1943, d. 1999, og Soffía Rögnvaldsdóttir, f. 1947.

**85 ára** Gyðriður Jóhannsdóttir Helga Ingólfssdóttir Jóhanna Sigfúsdóttir

Lilja Guðmundsdóttir Ólafur Örn Valdimarsson Pálmar H. Guðbrandsson Stígur Steingrímsson

Liana Esther Belinska Raket Kristinsdóttir Sigurður Friðhólm Gylfason Stasys Dambrauskas

**80 ára** Jóhanna Þorsteinsdóttir

50 ára

30 ára

**75 ára** Anna Sigurveig Sæmundsdóttir Gyða Valgeirsdóttir Inga K. Guðjónsdóttir

Ásrún Guðmundsdóttir Berglind Hallmarsdóttir Bjarney Sigríður Snævarsdóttir Bjarni Guðmundsson Gintaras Strizinas Guðrún Hlín Jónsdóttir Haukur Vilhjálmsson Ingibjörg Hallbjörnsdóttir Jenný Sandra Gunnarsdóttir Jóhanna Guðlaug Benediktsdóttir Jón Kjartan Björnsson Margrét Sigmundsdóttir Sigurður Þorsteinnsson Stefán Guðmundsson Trygvi Þórir Egilsson Vija Feklistova Þorbjörg Helgadóttir

Anna Lilja Edelstein Berglind Matthíasdóttir David Smith Eva Björk Heiðarsdóttir Eygló Rut Sveinsdóttir Friðrik Már Ólafsson Heiðar Smári Þorvaldsson Kolbeinn Ta Finnsson Margrét Aðalheiður Markúsdóttir Michael Graham King Ólafur Kjartansson Sigrún Herdísardóttir Sigurður Jónsson Sigurjón Guðjónsson Sonja Annikki Nieminen Subham Saha Sveinn Bragi Sveinsson Vilhjálmur Magnús Þórðarson Þorlákur Ægir Ágústsson Þórhallur Hafþórsson Örn Tönsberg

**60 ára** Bjarnveig Bjarnadóttir Guðni Bjarnason Kolbrún Sigfúsdóttir

Merkir Íslendingar

Magnús Kjaran

Magnús Kjaran stórkaupmaður fæddist 19.4. 1890 í Vælugerði í Flóa en átti heima í Reykjavík frá átta ára aldri. Foreldrar hans voru Tómas Eyvindsson, bóndi í Vælugerði í Flóa og síðar verkamaður í Reykjavík, og Sigríður Pálsdóttir húsfreyja. Tómas var afkomandi Eyvindar Jónssonar, duggusmiðs á Karlsá, en Sigríður var dóttir Páls, hreppstjóra á Þingskálum, sonar Guðmundar Brynjólfssonar, ríka á Keldum. Dóttursonur Magnúsar er Jóhann Sigurjónsson, forstjóri HAFRÓ, auk þess sem Magnús var langafi Birgis Ármannssonar alþm. Magnús var íþróttamaður á yngri árum, einn af forystumönnum Ungmennafélags Reykjavíkur, stundaði skautahlaup, var í hópi íslenskra glímumanna á Ólympíuleikunum 1912, og æfði golf á efri árum. Magnús stundaði nám við VÍ, stundaði síðan verslunarstörf, varð meðeigandi verslunarinnar Liverpool 1918, aðaleigandi hennar 1925-30 og síðan einn umsvifamesti stórkaupmaður landsins. Magnús var bæjarfulltrúi í Reykjavík, sat í stjórn Félags íslenskra stórkaupmanna og í stjórn Rauða kross Íslands. Magnús var framkvæmdastjóri Alþingishátíðarinnar á Þingvöllum



1930, en honum var öðrum fremur þakkað hve hátíðin tókst vel. Magnús var glæsímenni á velli, höfðingi í lund, vinamargur og vinsæll. Hann var mikill áhugamaður um íslenska ljóðlist og málalari og átti ómetanlegt safn sjaldgæfra bóka. Tómas Guðmundsson hafði bókaáhuga Magnúsar í huga þegar hann orti til hans sjötugs þetta erindi af þremur:

Og oss er tjáð, að einnig síðast hafni vor eigin saga í drottins bókasafni, og þar kvað vera sitt af hvoru að sjá. En hvort mun þar þann höfund skorta hylli, sem hefur sína lífsbók skráð af snilli, og hvorki tryggð við bók né vini brá?

Magnús lést 17.4. 1962.

**KAWAI PIANOS**

Nýkomin píanó-sending

Landsins mesta úrval af píanóum í öllum verðflokkum. Hjá okkur færðu faglega þjónustu, byggða á þekkingu og áratuga reynslu.

**TÓNASTÖÐIN**  
Allt fyrir tónlistarmanninn

Tónastöðin • Skipholti 50d • Reykjavík • sími 552 1185 & Akureyri • Strandgötu 25 • Akureyri • sími: 456 1185 • www.tonastodin.is